

Bankar og peningar 04.53.03

Kennari: Ásgeir Jónsson

Lokapróf, mánudaginn 11. desember. 09:00-12:00.
Einu leyfilegu hjálpargögnin eru skrifðari og reglustika.

Hluti I . Skilgreiningar

Svarið stuttlega eftirfarandi spurningum og skilgreinið eftirfarandi hugtök, ásamt því að lýsa þýðingu þeirra. Veljið fimm af sjö. (30%).

(Athugið tímatakörk. Miðað er við að ekkert svar taki lengri tíma en 11 mínútur)

- A) Verðbólguþjögun (inflationary bias)
- B) Millipjóðavæðing/alþjóðavæðing í bankarekstri
(internationalization/globalization)
- C) Breiddarhagræði í bankarekstri (economies of scope)
- D) M3 og M1
- E) Gengisháðar þjóðir (Currency dependent nations)
- F) Vogar-íhaldssemi (Weight conservatism)
- G) Stefnuviðmið (operating target)

Hluti II . Fræðilegur skilningur

Svarið eftirfarandi spurningum. Veljið tvær af þremur. Hver spurning hefur 35% vægi.

A) Millimarkmið og fastgengisakkeri

- I. Á seinni hluta áttunda áratugarins hófu margir af helstu Seðlabönkum heims að nota vöxt peningamagns sem millimarkmið í þeirri viðleitni að ná niður verðbólgu. Lýsið því hvaða fræðilega hugsun liggur að baki þessari stefnumörkun – það er A) af hverju millimarkmið eða nafnverðsakkeri eru nauðsynleg í baráttunni gegn verðbólgu og B) af hverju peningamagn varð fyrir valinu. Lýsið því síðan hvernig að þessi stefnumörkun reyndist í fyrstu og af hverju flestir seðlabankar heimsins hafa síðan gefið peningamagnsmarkmið upp á bátinn.
- II. Í frægri grein frá árinu 1981 sýndi Bennett T. McCallum fram á að vaxtasvörunarregla (interest feed-back rule) gat þjónað sem nafnverðsakkeri ef stýrivextir voru látnir við bregðast nominal stærðum líkt og verðbólgu. Slíkar vaxtasvörunarreglur voru síðan formbundnar af Taylor (1993) og urðu notaðar sem millimarkmið samfara auknum vinsældum verðbólgu markmiðs í peningastjórnun. Lýsið því hvaða fræðilega hugsun liggur að baki vaxtareglum – þ.e. A) hvaða skilyrðum vaxtareglur verða að geta fullnægt til þess að þjóna sem millimarkmið og B) hvernig að framgangur verðbólgu markmiðsins byggir á vaxtareglum.
- III. Evrópski Seðlabankinn hefur frá stofnun 1999 notast við tveggja stöða millimarkmið (two pillar approach) í peningamálastefnu sinni þar sem bæði vaxtareglur og viðmið um vöxt peningamagns koma við sögu. Er hægt að færa einhver fræðileg rök fyrir þessari stefnumörkun, s.s. út frá trúverðugleika, mælióvissu, fjármálastöðugleika eða forspárgildi peningamagns fyrir verðbólgu. Berið þetta saman við stefnu Bandaríska Seðlabankans sem er hættur að safna saman gögnum fyrir M3 og segir að peningamagnsstærðir hafi enga þýðingu fyrir peningamálastjórnun.

B) Tímaróf vaxta og peningamálaaðgerðir

- I. Vaxtaróf er ferill ávöxtunarkröfu á fjármagnsmarkaði eftir tímalengd. Af hverju er vaxtaróf almennt upphallandi ef tekið er mið af seljanleikakenningunni? Hvaða ástæður geta verið að baki niðuhallandi vaxtarófi ef miðað er við væntingarkenninguna og kenningum um aðskilda markaði? Hvað er hægt að álykta um framtíðarverðbólgu ef vaxtarófið er niðurhallandi? Hvaða kenningar um vaxtarófið eiga best við um íslenska skuldabréfamarkaðinn og miðlun vaxtarófsins?
- II. Þann 9. október gerði ríkisstjórnin það kunnugt að lækka skyldi virðisaukaskatt á matvælum sem kæmi til framkvæmda í mars 2007. Verðtryggða ávöxtunarkrafa á skuldabréfamarkaði hafði þá verið í kringum 4,4%, en við fréttirnar hækkaði hún skarpt nokkra daga á eftir og var svo komið þann 31. október að krafan hafði hækkað alls um 100 punkta og stóð í 5,4% á þeim degi. Ræðið um ástæður þess að skuldabréfamarkaðurinn brást við fréttunum með ofangreindum hætti og hvernig gæti þróunin á fjármagnsmarkaði orðið eftir að mars er liðinn?
- III. Í ársbyrjun 2003 var bindiskylda íslenskra banka lækkuð úr 4% af innlánnum niður í 2%. Lýsið því með fræðilegum hætti hvaða áhrif þessi breyting ætti að hafa á peningaframboð – einkum þó M0 og M1. Enn fremur hvaða áhrif ætti þessi kerfisbreyting að hafa á vaxtarófið og hvaða þættir skipta mestu fyrir um styrkleika áhrifanna.

C) Lausfjártrygging og bankarekstur

- I. Því hefur verið haldið fram, m.a. af Diamond&Dybvig (1983), að meginhlutverk innlánsstofnana felist í því að bjóða seljanleikatryggingu fyrir almenning. Lýsið því með fræðilegum hætti í hverju þessi trygging felst, af hverju bankastofnanir eru best til þess fallnar að bjóða hana fram og hvernig þær hagnast á henni. Skýrið enn fremur hvernig að sala slíkrar seljanleikatryggingar skapar samkeppnisforskot fyrir bankastofnanir í ýmsum öðrum greinum fjármálaviðskipta. Lýsið því einnig af hverju innlánsstofnanir ættu að hafa ákveðna yfirburði í því að selja stórum fyrirtækjum seljanleikatryggingu.

- II. Diamond&Dybvig (1983) halda því einnig fram að helsti styrkur innlánsstofna – sala seljanleika tryggingar – sé jafnframt helsti veikleiki þeirra sem geti valdið því að fullkomlega heilbrigðar stofnanir geta komist þrot. Skýrið með fræðilegum hætti við hvað er átt og hvers vegna bankaáhlaup geta verið sjálfuppfyllandi (self-fulfilling) og hví Seðlabankar hafa náttúrulega yfirburði í því að stöðva slík áhlaup. Hvaða skýringar geta legið að baki því að á sama tíma peningamálastefna Seðlabanka er reglubundin (rule-based) eru lánveitingar til þrautavara geðþóttastjórnun (rule based). Tínið til rök með og móti.

- III. Lýsið muninum á viðskiptabönkum (retail banks) og heildsölubönkum (wholesale banks) og hvernig seljanleikatryggingu eða tímaumbreytingu (maturity transformation) þeir geta boðið upp á. Í hvorn hópinn flokkast íslenskir bankar og var fjármögnun þeirra í ársbyrjun 2006 í samræmi við þá flokkun? Með hvaða rökum er hægt að líta á snögga hækkun áhættuálags (CDS spread) á skuldabréfum bankanna í apríl sem bankaáhlaup? Hvernig getur Seðlabanki Íslands mögulega komið til varnar slíkum tegundum bankaáhlaupa og hvaða stefnumörkun getur komið til greina um lánveitingar til þrautavara þegar litið er til framtíðar.